



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat deilda	7
2.1 Val á milli deilda	7
2.2 Útivera	7
2.3 Matstofan	7
2.4 Svæðaleikur - hópastarf	8
2.5 Skráningar	8
2.6 Listasmiðja	8
3 Sólin	9
3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári	9
4 Lindin	10
4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári	10
5 Stjarnan	12
5.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári	12
6 Lautin	14
6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lautarinnar um starfið á síðasta ári	14
7 Fjallið	17
7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári	17
8 Listasmiðja	19
8.1 Greinargerð verkefnistjóra listamiðju um starfið á síðasta ári	19
9 Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	21
10 Ytra mat	22
11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	24
12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	24
13 Foreldrasamvinna	25
14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
15 Fylgigögn	26
15.1 Leikskóladagatal 2020-2021	26
15.2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27





Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Fyrst ber að nefna aðlögun 37 nýrra barna í skólann sem krafðist góðs og faglegs skipulags. Við notum þátttöku aðlögun sem við teljum henta vel hjá okkur og er starfsmannhópurinn vel þjálfður í þeirri aðferð. Aðlögun er krefjandi en um leið er spennandi að fá nýja nemendur sem við viljum að blómstri og líði vel hjá okkur. Þetta gekk allt mjög vel og voru nánast öll börn búin í aðlögun þann 8. september.

Eins og oft áður voru starfsmannabreytingar hjá okkur og var það mikið til vegna fjölgunar stuðningsbarna en einnig misstum við fólk sem fór í nám eða annað. Það var ekki létt að fá fagfólk til starfa en við réðum nokkra einstaklinga á haustmánuðum sem, sumir hverjir, höfðu enga reynslu á starfi í leikskóla.

Heppnin var, því miður, ekki með okkur því þrír starfsmenn hættu eftir viku til mánuð í starfi vegna veikinda og annarra ástæðna. Því fór haustið mikið til í að finna gott fólk og það tókst á endanum. Það er búið að ganga vel síðan og er þetta virkilega áhugasamur og skemmtilegur hópur sem starfar í Geislabaugi. En við komumst ekki hjá breytingum á komandi hausti, sérkennslustjórinn hættir og fer í áframhaldandi nám og er sú staða auglýst þessa stundina. Það bættist við einn leikskólakennari til okkar og hefur hún tekið við deildarstjórastöðu á Sólinni.

Við fórum á fullt skrið með að innleiða nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og var fyrsta verkefnið að senda eins marga og við höfðum tök á á námskeið í vináttuverkefninu Blæ þar sem tekið er á félagsfærni barna. Okkar markmið er að efla félagsfærni og sjálfsefningu barna í Geislabaugi. Það fór vel af stað og hefur verið unnið með Blæ í allan vetur flestum deildum leikskólans, eins og best var á kosið.

Árið 2020 byrjaði vægast sagt ekki vel í þjóðfélaginu. Fyrst var veðrið að stríða okkur, stormur og lægðir. Verfall Eflingar starfsfólks skall svo á 4. febrúar og stóð yfir í 5 vikur. Þetta setti strik í reikninginn og fór öll starfsemin úr skorðum. Það var nánast rétt svo að við gátum haldið grunn starfsemi gangandi þannig að það hefði sem minnst áhrif á börnin.

Í framhaldi af því kom veiran en hún hafði og hefur enn gríðarlegar afleiðingar á allt lífið í heiminum öllum, algjörlega fordæmalaus tími sem við upplifum vonandi aldrei aftur. Þá vann lausnarmiðaða teymið í Geislabaugi hörðum höndum í að skipuleggja hvernig við gátum haldið starfseminni gangandi. Án þess að fara í smáatriði þá var þetta erfitt en gekk ótrúlega vel, hvorki starfsmenn né börn fengu veiruna. Nokkur börn fóru í sjálfskipaða sóttkví og voru það helst yngstu börnin. Þetta fer í reynslubankann okkar og það sem við höfum einna helst lært á þessu er skipulagshæfni, lausnarmiðun, virðing, samstaða, tillitssemi og svona mætti lengi telja.

Það er ekki fyrr en núna í júní sem nokkuð eðlilegt skólastarf hófst á ný. Við færðum svæðaleikinn út þrisvar sinnum í viku og þar velja öll börnin sér svæði eftir áhuga hvers og eins. Það eru alltaf



vettvangsferðir í boði, listsköpun, íþróttir, smíðar o.fl. Kennarar eru virkir á sínum svæðum. Aðlögun milli deilda var líka núna á vormánuðum og gekk að mestu leyti vel. Það sem helst var ábótavant var kynning fyrir foreldra en við höfum stigið varlega af stað með aðkomu foreldra í skólann vegna veirunnar.

Við fluttum alla Meistarana yfir á Stjörnuna þar sem sú deild tæmdist vegna flutninga milli deilda. Þeirri deild hefur verið stjórnað af Þóru Dögg Guðmundsdóttur. Starfið var skipulagt út frá áhuga barnanna og að þau yrðu sem mest úti í allskonar ferðum sem víkkar þroska þeirra.

Foreldrar hafa lítið sem ekkert tekið þátt í starfinu út af veirunni. Við höldum samt fína útskrift fyrir Meistarana í tveimur hópum með þátttöku foreldra. Meistararnir fóru einnig í sína árlegu útskriftaferð í góðu veðri í Vatnaskóg. Það gekk mjög vel og börn og kennarar skemmtu sér vel.

Sumarhátíð var haldin 24. júní án aðkomu foreldra og heppnaðist hún vel með allskonar húllumhæ og grilli í hádeginu. Seinni partinn kom leikhópurinn Lotta og skemmti börnunum inni í salnum okkar þar sem hellirigning var úti ☺. Foreldrafélagið bauð upp á þá sýningu og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Við hlökkum til að takast á við ný og spennandi verkefni og taka á móti nýjum nemendum, foreldrum og kennurum næsta skólaár. Það ber að segja frá því að við munum taka þátt í þróunarverkefni sem nefnist „Orð eru til alls fyrst“ en það er samstarfsverkefni allra skólanna í hverfinu og er markmiðið að efla læsi enn frekar. Nánari kynning verður á því síðar. Við fengum styrk frá Skóla- og frísundasviði og tengist það nýju menntastefnunni: **Látum draumana rætast.**

Ég er virkilega stolt af starfseminni í Geislabaugi og hrósa mínu fólki fyrir þrautseigju og eldmóð við að halda uppi svona flottu starfi í skólanum. Þar sem allir leggjast á eitt um að gera hlutina vel og vandlega og af fagmennsku.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Jóna Jónatansdóttir,

Leikskólastjóri.



Áherslur fyrir næsta skólaár.

Aðaláhersla næsta árs verður mjög svipuð og á síðasta ári þar sem við gátum ekki fylgt áætluninni eftir vegna langtímaverkfalls og Covid. Við munum áfram innleiða nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar: **Látum draumana rætast**. Við sóttum um styrk úr þróunarsjóði (sem var ætlaður í þetta) og fengum við úthlutað úr honum. Við ætlum að efla félagsfærni og sjálfsefningu í leikskólanum og hugmyndin er að senda enn fleiri kennara á námskeið á vegum Barnaheilla sem heitir **Vinátta en það er forvarnarverkefni gegn einelti ætlað leikskólum og yngstu börnum grunnskóla**. Einnig höldum við áfram að við vinna með barnasáttmálann og fá til liðs við okkur Ellen Jacqueline Calmon sem starfar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Innleiðing nýrrar skólanámskrár verður gerð næsta vetur og verður nýja menntastefnan höfð til hliðsjónar. Við stefnum á að efla fagmennsku kennara hvað varðar félagsfærni og sjálfsefningu og fá til liðs við okkur sérfræðing á því sviði en þetta er enn í mótun. Við munum áfram halda vel utan um svæðaleik barnanna auk hefðbundinna hefða sem ríkja hér í skólanum (sjá skóladagatal). Elstu börnin fengu aftur úthlutað tímum hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur sem er afar ánægjulegt. Fyrirhugað er að næst elsti árgangurinn fái danskennslu á vormánuðum eins og sl. ár. Við viljum halda áfram með jóga stundir og efla það á hverri deild. Þóra Dögg Guðmundsdóttir sem var deildarstjóri á Sólinni mun taka að sér verkefnastjórnun elstu barna við skólann og stýra starfinu með elstu börnunum á Fjalli og Sól ásamt deildastjórum. Við erum bjartsýn á komandi skólaár og förum inn í það með tilhlökkun og gleði.



2 Innra mat deilda

Ýmislegt hefur verið gert til þess að meta leikskólastarfið undanfarna vetur en reglulegt mat fer fram einu sinni í viku á deildarstjórafundum (símat). Þar er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum og rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er skrifuð fundargerð, henni dreift á allar deildir hússins og allir starfsmenn lesa hana yfir. Með þessu móti hafa allir tækifæri á að fylgjast með gangi mála og koma með athugasemdir inn á næsta fund. Sú nýbreytni var í vetur að við ákváðum að hafa endurmat á starfi haustsins í janúar. Það kemur okkur vel núna því að á vorin höfum við ávallt haft endurmatsdag þar sem allir deildarstjórar og stjórnendur fara saman yfir starfið á liðnum vetri en nú á vormánuðum höfum við ekki haldið fund til að endurmeta starfið frá janúar til maí 2020, enda mjög sérstakur vetur.

2.1 Val á milli deilda

Val á milli deilda er mjög vinsælt meðal barnanna og almenn ánægja er hjá starfsfólki sem telur að það sé rólegra yfirbragð í húsinu þegar val á milli deilda er. Flestum börnum finnst gaman að fá tækifæri til að fara inn á aðrar deildir en þau börn sem velja að vera á sinni deild, fá það. Við breyttum aðeins frá fyrri venjum og fengu börnin á Lindinni að koma inn val á milli deilda í janúar.

Síðastliðinn vetur var ákveðið að hafa val á milli deilda á fimmtudegi í stað föstudags og reyndist það vel.

2.2 Útivera

Útisvæðið tók miklum stakkaskiptum eftir lagfæringu sl. vors og leikurinn varð því fjölbreyttari. En alltaf má gera betur í að laga útisvæðið að þörfum barnanna. Mikilvægt er að virða leik barnanna hvort sem hann er úti eða inni. Yfirsýn kennara er mikilvæg en enn mikilvægari í útiveru þar sem leikrými er stórt. Mikilvægt er að starfsmenn átti sig á að þetta er einn vinnustaður og kemur okkur öll börn við ekki bara börnin sem eru á deild viðkomandi starfsmanns. Því er nauðsynlegt að allir séu meðvitaðir um að við erum ein heild í útiveru, ekki deildaskipt. Mikilvægt er að kennarar aðstoði börnin við að komast í leik og skipuleggi leiki í útiveru. Virkja þarf börn meira í að ganga frá eftir sig úti eins og inni.

2.3 Matstofan

Matstofan gengur mjög vel en betur má ef duga skal. Við verðum að muna að gefa borðþjónum góðan tíma til að undirbúa matstofu fyrir hádegisverð og jafnframt leyfa þeim elstu að taka þátt í frágangi í lok málsverðar. Það góða er að börnin eru farin að gera meira sjálf – sjálfshjálp orðin meiri eftir að þau fengu að skammta sér sjálf. Starfsmenn þurfa að bera virðingu fyrir matstofunni og ganga hljóðlega um hana eins og börnin eiga að gera, þar á að vera róleg stemming. Jafnframt er þarft að huga að rennsli barnanna í matstofuna, að þau komi jafnt og þétt inn. Hugum betur að upplýsingaflæði á milli deilda. Við höfum velt



fyrir okkur hvort við viljum nýta matstofuna einnig fyrir hressingu en ekki komist að niðurstöðu. Sú nýbreytni var síðastliðinn vetur að afmælisbörn hvers mánaðar komu á fund til leikskólastjóra til að velja afmælistíð mánaðarins. Börnunum fannst þetta mjög spennandi og biðu eftir afmælisfundi með leikskólastjóra með fullri tilhlökkun. Mun þetta fyrirkomulag halda áfram í vetur.

2.4 Svæðaleikur - hópastarf

Umhverfið er mikilvægur þáttur í starfi með börnunum og hefur verið vel búið að umhverfinu. Í hugmyndafræði Reggio Emilia er umhverfið þriðji kennarinn. Við þurfum að hlúa að umhverfinu og hafa það ávallt örvandi og hvetjandi. Svæðaleikur er alltaf skemmtilegur og una börnin sér ávallt í honum. Við erum ávallt með það í huga að gera betur og verðum að vera óhrædd við að færa til og breyta, hafa meira af verðlausum efnivið og minna af „drasl“ efnivið, útbúa svæðavalið þannig að það henti breiðari aldurshóp og passa upp á að hafa ekki ósanngjarnar tímakröfur, leyfa leiknum frekar að fjara út. Við endurmat áttuðum við okkur á því að engin deild er með eins fyrirkomulag, minna er um svæðaleik hjá eldri deildum þar sem margt annað er jafnframt í boði. Yngri deildar fara að jafnaði tvisvar til þrisvar sinnum í viku í svæðaleik, sem oftast en ekki endar sem frjáls leikur. Á Lautinni eru þau virkari í hópastarfi en svæðaleik. Greinilegt er að við verðum að skoða hvernig við viljum þróa svæðaleikinn í leikskólanum.

2.5 Skráningar

Síðastliðinn vetur höfum við náð að bæta okkur mikið í skráningum en við getum alltaf gert betur. Við verðum að muna að skráningar þurfa ekki að vera langar og tímafrekar. Með því að dreifa ábyrgð skráninganna á milli allra starfsmanna þá ættum við að ná settum markmiðum. Rýnt var í hvort við vildum halda skráningum á jólagjöfum eins og undanfarin ár, þar sem þær virðast vera afar tímafrekar. Öllum kom saman um að halda þeim áfram en gott væri að byrja fyrr með að undirbúa jólagjafirnar. Þar sem öllum kom saman um að skráningin væri partur af jólagjöfinni mætti einnig huga að því að hafa skráninguna myndrænni þ.e. með fleiri myndum og minni texta.

2.6 Listasmiðja

Í haust var farið af stað með listasmiðju og er Auður Hannesdóttir verkefnastjóri yfir henni. Listastjarna var tekin í gegn og er þar í dag listasmiðja Auðar. Hún tekur hóp/hópa einu sinni í viku frá hverri deild. Fyrirkomulagið er þannig að þegar deild á sal þá tekur Auður hóp í listasmiðju. Mikil ánægja er á meðal barna og starfsmanna og bíða börnin spennt eftir því að komast aftur þangað. Verkefnin eru fjölbreytt og gefa öðrum starfsmönnum innblástur í þeirra vinnu. Eitt af því sem við ætlum að passa upp á er að sköpun inni á deildum dragist ekki saman á kostnað listamiðjunnar.



3 Sólin

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári

Við höldum áfram að þróa svæðaleikinn hjá okkur. Erum stöðugt að prufa hvað hentar betur hverjum barnahóp fyrir sig. Við upphaf skólaárs komu mörg ný börn og voru þau töluvert yngri en við höfðum haft á skólaárinu á undan. Þau voru nokkrar vikur að átta sig á hvernig þau ættu að velja og hvert þau ættu að fara. Farið var í að fylgja þessum börnum betur eftir og kenna þeim á valið.

Við unnum markvisst að því að fara ekki með öll börnin í fataherbergið á sama tíma og gekk mikið betur að hjálpa þeim að klæða sig í útifötin. Þessi vinna skilar sér þar sem rýnihópur barna á deildinni talaði um að það væri fínt að vera í fataherberginu og gaman að geta klætt sig sjálf í.

Í október 2019 kom vináttuverkefnið Blær inn í leikskólann. Unnið var með verkefni bæði í samverustund með allan hópinn sem og í litlum hópum. Börnin nutu sín mikið betur í litlum hópum þar sem þeim var skipt eftir aldri. Kennari náði betur til barnanna þannig. Gott var að nota hluta af efninu í samverustund eins og t.d. lögin en spjöldin og nuddið í minni hópum.

Unnið var með Lubbi finnur málbein í sömu hópum og í Blæ. Börnin fengu mikið út úr þessum stundum og fannst gaman.

Þar sem ekki náðist að gera græna herbergið eins og við vildum hafa það var tekin ákvörðun að breyta því í kubbaherbergi. Allir kubbar voru settir þar inn. Þar geta börnin byggt og geymt verkin sín sem ekki var hægt áður vegna staðsetningar kubbavæðis. Allir eru mjög sáttir við þessa breytingu.

Innra mat Sólarinnar

Við vorum duglegar að gera uppeldislegar skráningar á skólaárinu en viljum bæta og þróa þær, sérstaklega gera fleiri skráningar sem ekki eru fyrirfram ákveðnar. Erum alltaf að bæta okkur í skráningum og verða öruggari en það má alltaf gera betur og gera fleiri skráningar.

Við settum okkur það að auka við tilboð sem kennarar eru með. Átluðum að hafa skipulagt alla morgna hvar hver og einn kennari ætlaði að vera. Okkur tókst mjög vel að bjóða upp á ýmiss verkefni fyrir börnin. Búið var til skipulag hvar hver og einn ætti að vera en okkur þótti það of stýrt og kennarar vildu frekar tala sig saman hvar þeir vildu vera og hvað þeim langaði að bjóða upp á. Þetta tókst mjög vel og það voru alltaf einn til tveir kennarar með tilboð fyrir börnin alla morgna, fór eftir starfsmannastöðunni hverju sinni. Einnig var boðið upp á útsvæði í svæðaleiknum. Rýnihópur barna talaði um að það væri líka gaman að velja útsvæði í svæðaleiknum og því ætlum við að bjóða meira upp á það á næsta skólaári.

Við viljum leggja enn meiri áherslu á að vinna með Lubba næsta skólaár. Einnig erum við spennt að vinna meira með Blæ, þetta er tilvalið verkefni til þess að efla félagsfærni barna sem er mjög nauðsynlegt.

Í haust kom verkefnastjóri í listasmiðju. Hún kom inn á Sólina einu sinni í viku og var inni á deild með börnunum í listatengdum verkefnum. Mikið var gert með listakennaranum og vorum við meðvituð um að minnka ekki listsköpun á deildinni. Margt var unnið en það má alltaf bæta þessa vinnu. Þjóða alltaf upp á listsköpun í svæðaleiknum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samvinnuverkefni	Börn fædd 2016 vinni að verkefni saman.	Einn kennari sér um hvern hóp og aðstoðar þau í verkefninu.	Deildastjóri sér um að starfmaður taki ábyrgð á hópnum	febrúar 2021	apríl 2021	Hver hópur er eina til tvær klukkustundir í viku í verkefninu.	Sýning um vorið þar sem foreldrar koma og sjá.
Lubbi finnur málbein	Vinna meira með Lubbi finnur málbein.	Börnunum skipt í litla hópa.	Deildastjóri	Haust 2020	Vor 2021	Tekin fyrir einn stafur á viku.	Ná að klára alla stafina fyrir vorið 2021.
Blær	Halda áfram að vinna með Blæ.	Unnið í samverustund og litlum hópum.	Deildastjóri	Haust 2020	Vor 2021	Unnið sé með Blæ einu sinni í viku í litlum hópum. 1-2 samverustundir í viku hlustað á lögin.	

4 Lindin

4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári

Tekið var á móti nýjum barnahópi í ágúst. Við gerðum fljótlega gott verkaskipulag fyrir starfsmenn sem hefur gengið vel. Það auðveldar starfsmönnum að vita hvað er ætlast til af þeim á hverjum tímapunkti. Svæðavinna fór vel af stað. Við skiptum krökkunum upp í fimm hópa og vorum með svæðavinnu frá 9:15 - 9:40. Krakkarnir nutu sín vel í litlum hópum, þau fengu meira næði og kennararnir náðu að njóta sín og koma starfinu vel frá sér. Við náðum því miður ekki að halda því striki eftir áramót vegna ýmissa ástæðna. Við náðum ekki striki aftur eftir það þar sem flutningur á milli deilda fór mun fyrr fram en áður. Við höfum

við því ákveðið að reyna að halda því inni sem einu af okkar markmiðum fyrir komandi vetur. Veturinn gekk mjög vel. Þetta var flottur hópur og starfsmenn unnu vel saman.

Nú hafa tveir kennarar farið á Blæ námskeið sem er vináttuverkefni Barnaheilla og ætlum við að taka Blæ inn í markvissa svæðavinnu.

Innra mat Lindarinnar

Á síðasta ári var eitt af markmiðum Lindarinnar að börnin fengu tækifæri til að vera í minni hópum og njóta sín betur í starfi. Við byrjuðum á hópastarfi þar sem við skiptum þeim upp í hópa og munum við halda því áfram næsta vetur. Þrátt fyrir að hafa ekki uppfyllt markmið okkar með markvissum hópaskiptingum þá sáum við engu að síður hvað þetta gerði mikið fyrir börnin. Þeim leið betur og undu sér betur í leik.

Annað markmið Lindarinnar var nýta spjaldtölvuna meira í skráningum. Það gekk ekki vel og ætlum við því að standa okkur betur á næsta skólaári.

Þriðja markmið Lindarinnar var að efla sjálfstæði barnanna. Hafa efnivið aðgengilegri fyrir börnin. Það gekk mjög vel og er komið inn í okkar starf.

Við munum halda áfram að nota dagskipulag og útiveruplanið okkar og taka fá börn fram í útiklefann í einu.

Ákveðið var að hafa flutning á milli deilda fyrir sumarfrí þetta árið. Flutningarnir gengu mjög vel og öll börnin sátu. Kennarar fylgdu þeim yfir á nýja deild og verða með þeim fram að sumarfríi. Við fengum 4 ný börn í aðlögun fyrir sumarfrí. Aðlögunin gekk frábærlega og börnin komin á gott skrið fyrir sumarfrí. Þetta mun minnka álag á starfsmenn til muna í haust.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markviss svæðavinna	Að nýta svæði deildarinnar betur og virkja starfsmenn.	Skipta börnunum í fjóra til fimm hópa.	Deildastjóri	september	júní	Fá börn og starfsmenn til að endurmeta starfið í janúar	Ánægðari börn, rólegra umhverfi og glaðir starfsmenn



Barnalýðræði	Leyfa börnunum að hafa val um hvað þau vilja gera t.d. í útiveru, eftir hressingu og í salnum	Að hafa efniviðinn myndrænan til að auðvelda þeim valið og leyfa þeim að taka þátt í því sem er í boði	Deildarstjóri	ágúst	júlí	Í janúar	Aukið sjálfstraust barnanna.
Markvissari samverustundir	Nota tákn með tali í söngstundum og bæta Lubba inn í samverustundirnar	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þessarar samverustundar	Deildastjóri	ágúst (tákn með tali) janúar (Lubbi)	Júlí	Í janúar	Efla málproska barnanna og samskipti þeirra
Nýta spjaldtölvuna meira í skráningar	Fá fleiri skráningar.	Virkja kennara til að prófa sig áfram með spjaldtölvuna.	Deildarstjóri	ágúst	júlí	Í janúar	Með því að telja hver margar skráningar koma inn.
Innleiða vináttu verkefnið Blæ inn í svæðavinnu	Að börnin viti hver Blær er og hvernig við getum notað hann.	Vera með litla hópa í einu.	Deildarstjóri	ágúst	júlí	Í janúar munum við ræða hvernig innleiðing Blæs hefur gengið.	Að læra að virða náungann. Að börnin læri á tilfinninga sínar og annarra.

5 Stjarnan

5.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjórnunnar um starfið á síðasta ári

Aðlögun barnanna byrjaði 2. september og gekk ágætlega. Börnin fengu þátttökuaðlögun sem hæfir ungum aldri þeirra, sem eru þrír heilir dagar með foreldrum. Þrátt fyrir undarlegan og hálferfiðan vetur, þá hafa börnin dafnað vel hjá okkur.

Barnahópurinn á Stjórnunni var fjölbreyttur eins og vera ber. Í hópnum voru fjögur fjöltyngd börn og eitt barn með stuðning. Með þessum fjölbreytta hópi reyndist vel að nota Tákn með tali og var einblínt á að nota tákn yfir helstu athafnir fyrst um sinn. Tákn með tali hefur reynst okkur afar vel og eru börnin alla jafna fljót að tileinka sér þessa óhefðbundnu tjáskiptaleið.

Til að hlúa að lýðræði barnanna höfum við einblínt á líðan þeirra og reynt að mæta þörfum barnanna eftir bestu getu. Erfitt er að vera með rýnihópa barna á þessum aldri, þar sem mörg þeirra hafa einungis fá orð til að styðjast við. Með því að vera vakandi fyrir líðan barnanna á deildinni framkvæmdum við smávægilegar breytingar á uppröðun húsgagna, leikfanga úrvali og fleiru og gátum þannig haldið rýminu spennandi fyrir þau.



Innra mat Stjórnunnar

Eitt af markmiðum vetrarins var að skipta barnahópnum í smærri hópa svo þau gætu notið sín betur í rýmum. Okkar upplifun er ætíð sú að börnunum líður betur í minni hópum. Þannig er betur hægt að draga úr óþarfa áreiti og auðveldara að leggja inn ný verkefni og upplifanir.

Hitt markmiðið okkar var að bjóða börnunum upp á könnunarleikinn. Starfsfólkið var sammála því að verðlausi efniviðurinn okkar er uppáhalds leikefni barnanna.

Tákn með tali í daglegu starfi hefur reynst okkur vel og teljum við nauðsynlegt að halda áfram notkun þess í daglegu starfi. Bókalestur verður áfram ofarlega á lista hjá okkur. Bæði lestur fyrir börnin og almennt aðgengi þeirra að bókum.

Til viðbótar ætlum við að innleiða Vináttu verkefnið Blæ á komandi vetri. Nú þegar hafa tveir kennarar deildarinnar farið á námskeið á vegum Barnaheilla og eru því tilbúnir að innleiða þetta göfuga verkefni með haustinu.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmi r?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að skipta barnahópnum í smærri hópa.	Að skipta barnahópn um í smærri einingar svo börnin fái fleiri tækifæri á rýmum deildarinnar og stunda á þann hátt gott hópastarf.	Með því að koma skiptingunni í dagskipulagið og framkvæma hana markvisst.	Deildastj óri	Fljótlega eftir aðlögun, septemb er	maí	Með samtölum við starfsfólk um miðjan vetur og með því að rýna í líðan barnanna.	Bæði börn og starfsfólk græða á rólegra umhverfi sem skapast þegar börnunum er skipt upp í smærri hópa.
Könnunarleikurinn – fleiri leikstundir	Að gefa börnunum fleiri tækifæri til að leika með	Með því að fyrirfram ákveða hvaða daga við ætlum í könnunarleiki nn og skrá	Deildastj óri	septemb er	júní	Með samtölum við starfsfólk og með því að taka mið af líðan barnanna. Um miðjan veturinn.	Börnin fá tækifæri til að örva skynfæri sín með því að leika sér með



	verðlausan efnivið	það inn í dagskipulagið					verðlausan efnivið.
Tákn með tali	Að efla málþroska barnanna og jafnvel flýta máltöku þeirra með notkun óhefðbundi nna tjáskiptalei ða.	Með því að nota táknin í daglegu tali. Hengja upp myndir af táknunum svo allt starfsfólk geti tileinkað sér táknin.	Deildastjóri	september	júní	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn	Eykur tjáskiptalei ðir barnanna og eflir málþroska þeirra.
Lestur bóka	Að ýta undir lestraráhuga barnanna og veita þeim betra aðgengi að bókum	Með því að útbúa lesrými á deildinni og hafa bækur ávallt aðgengilegar.	Deildastjóri	september	júní	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn.	Eykur áhuga barnanna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á þeirra.
Bangsinn Blær	Innleiðing vináttuverk efnisins í daglegu starfi.	Með reglulegum Blæ-stundum og góðu aðgengi barnanna að böngsunum sínum.	Deildastjóri og annað starfsfólk	september	júní	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn.	Að börnin öðlist aukin skilning á eigin tilfinningum/líðan, sem og annarra.

6 Lautin

6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lautarinnar um starfið á síðasta ári

Svæðaleikurinn gekk vel síðasta vetur enda börnin orðin eldri og vanari deildinni. Börnin voru orðin dugleg að fara eftir fyrirmælum og undu sér vel á hverju svæði. Við létum börnin ekki velja sér svæði í samveru heldur fengu þau að ákveða sjálf hvert þau vildu fara eða var boðið með kennara í ákveðið herbergi í leik.

Mörg börn voru enn í hvíld hjá okkur en nóg þótti að hafa einn kennara inni í hvíld og einn kennara frammi í aðalrými með þeim börnum sem voru ekki í hvíld. Þau börn sem ekki voru í hvíld voru yfirleitt í rólegum leikjum eins og að kubba, púsla, pinna o.þ.h.

Barnahópurinn hjá okkur var mjög fjölbreyttur og vorum við með 6 fjöltyngd börn og 3 stuðningsbörn. Notuðumst við sjónrænt dagskipulag sem farið var yfir í samveru með börnunum og tákn með tali þegar þörf var á.

Deildarstjóri fór á námskeið til að læra atferlisíhlutun og fékk eitt stuðningsbarnið slíka þjálfun. Einn stuðningskennari fór á námskeið í skipulagðri kennslu þar sem stuðningsbarnið var vant þeirri þjálfun frá

fyrri leikskóla. Þriðja stuðningsbarnið þurfti á miklum stuðningi að halda vegna fötlunar og fylgdi stuðningur honum í sjúkra-, og iðjubjálfun. Einnig fór barnið í sundtíma og á hestanámskeið en stuðningurinn fylgdi honum á hestanámskeiðið.

Einn kennari fór á námskeið á vegum Barnaheilla til að innleiða vináttuverkefnið Blæ. Tók sá kennari að sér svokallaðar Blæ-stundir þar sem nokkur börn voru saman í herbergi, hlustuðu á vináttusögur, vináttulög og lærðu t.d. hvernig falleg vinátta ætti að vera, hvernig þau gætu hjálpað öðrum börnum sem væru að lenda í stríðni, læra að segja STOPP fyrir sína hönd og að standa upp fyrir öðrum. Börnunum þótti mjög skemmtilegt að fara í þessa tíma og sýndu mjög mikla samkennd. Hófust margar samræður í þessum tímum hjá börnunum og þurfti kennari oft að bakka til að gefa börnunum rými. Fórum við líka í NUDD-Blæ-tíma þá lærðu börnin að biðja viðkomandi um leyfi „má ég nudda þig ? “ þá fórum við í skipulagða nuddtíma og börnin nudduðu hvort annað. Flestir leyfðu nudd en sumir ekki en þá var líka gott að þau áttu möguleika á að segja nei. Þau lærðu líka að sýna Blæ virðingu að ekki mætti henda honum upp í loftið og að hann vildi bara knús og vera vinur.

Einn kennari fór á námskeið vegna barnasáttmálans. Leikskólinn er í innleiðingarferli og fengu elstu börnin á deildinni að taka þátt í einu verkefni (verkefnin miðast þó við 4 ára og eldri og eiga því frekar við eldri deildir). Hangir uppi myndrænt plakat inni á deild um barnasáttmálann í hæð barnanna sem þau skoða mikið og ræða kennarar um réttindi þeirra þegar færi gefst.

Lubbastundir voru haldnar fyrir áramót en vegna ástands í samfélaginu var lítið um þær stundir eftir áramót.

Einu sinni í viku kom Auður kennari til okkar og var með Listasmiðju. Þá var hópnum skipt í tvennt, þar sem annar helmingurinn var inni í verkefnavinnu og hinn úti, svo skiptist það vikuna á eftir.

Börnin fluttu yfir á nýja deild fyrir sumarfrí og fengum við þ.a.l. ný börn á Lautina. Það er alltaf krefjandi að fá nýjan barnahóp en við töldum að með þessu móti væru meiri líkur á því að starfið í haust gæti farið fyrr af stað vegna þess að börnin væru búin að aðlagast nýrri deild og nýjum kennurum. Fjórir kennarar fylgdu börnunum á nýjar deildir, tveir á hvora deild (1 almennur kennari og 1 stuðningur). Þar með voru 3 kennarar áfram á Lautinni til að taka á móti nýjum barnahóp en þeim fylgdu tveir kennarar af fyrri deild.

Innra mat Lautarinnar

Kennarar tóku meiri þátt í svæðaleik og var barnahópnum skipt meira niður. Kennarar fengu ekki undirbúning fyrir hugmyndavinnu fyrir svæðaleik enda á hugmynd að leik að koma frá börnunum sjálfum. Kennarar fengu hinsvegar undirbúning fyrir önnur verkefni svo sem afmælisráningar, ferðabangsaskráningar, myndaflokkun og undirbúning fyrir málörvunartíma.

Á næsta ári munum við einbeita okkur meira að Lubba hafa markvissar Lubbastundir fyrir hvert barn. Að sama skapi langar okkur að hafa markvissar Blæstundir næsta vetur.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að farið verði í Lubba bæði fyrir og eftir áramót. Gekk illa eftir áramót sökum ástands í þjóðfélaginu.	Barnahópnum verður skipt í litla hópa. Öll börnin fá Lubbastund einu sinni í viku þar sem farið verður yfir staf vikunnar og saga viðkomandi stafs lesin.	Deildarstjóri ber ábyrgð sem og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Haus t 2020	Vor 2021	Haldið verður utan um þá stafi sem börnin hafa farið yfir.	Með því að hafa plan þar sem hægt er að sjá hvaða stafur verður tekinn fyrir hverja viku er hægt að sjá hvort því markmiði sé náð eða ekki. Einnig er hægt að halda til haga hvort börnin vanti ákveðin hljóð og ef svo er þá væri hægt að vinna með þau börn frekar.



Vináttu- verkefnið Blær	Að nýta Vináttu- verkefnið Blær betur	Barnahópnum verði skipt í 2- 4 hópa og farið verði 1-2 sinnum í viku í Blæstundir. Markmiðin verði að börnin læri umburðarlyndi , virðingu, umhyggju og hugrekki.	Deildarstjóri ber ábyrgð sem og sá kennari sem fer á/hefur farið á námskeið um Vináttuverkefnið .	Haus t 2020	Vor 2021	Stuðst verður við stuttar skráningar úr hverjum tíma til að meta það hvort efnið skili sér til barnanna.	Erfitt getur verið að meta árangur þar sem þessi vinna hefur ekki verið innleidd áður og því spennand i að sjá hver útkoman verður næsta sumar.
----------------------------	--	---	---	-------------------	-------------	---	--

7 Fjallið

7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári

Veturinn hefur gengið vel þrátt fyrir miklar mannabreytingar. Fyrirkomulagið á svæðaleiknum hélst meira og minna óbreytt frá síðasta vetri og hefur það gengið ágætlega. Fyrir næsta skólaár má íhuga að auka fjölbreytni á hverju svæði og taka þarf tillit til hvers barnahóps fyrir sig hvað hentar. Við nýttum útiveruna mjög mikið og viljum auka skipulagða útiveru, t.d. leiki, göngutúra og slíkt.

Börnin höfðu gaman að lestri og lagt var mikil áhersla á að lesa í samverum en auk þess eru bækur alltaf aðgengilegar á deildinni. Haldið var áfram með frjálsan leik á deildinni í hádeginu og eftir útiveru og samræmist hann hugmyndafræði Reggio Emilia um virðingu við börnin, að á þau sé hlustað og að þau fái rými til sjálfsprottins leiks. Samverur voru mikilvægar fyrir hvern dag og þarf að passa gæði þeirra. Að dagurinn sé settur upp, sungið og/eða lesið og þeim sé dreift á starfsmenn. Einnig fór fram mikil málörvun og kennsla í samverum sem gekk vel með þennan hóp en myndi mögulega ganga betur með tvískipta samveru.

Innra mat Fjallsins

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aukin málörvun	Auka málörvun, bæði með einstaklingum og í stærri hópum.	Nota samverur í málörvunaræfin gar auk þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	ágúst	júní	Halda skrá utan um hvað er gert og með hvaða börnum.	Öll börn fá aukna málörvun og það sé haldið vel að börnum sem þurfa meiri aðstoð.
Efla sjálftraust og félagsfærni	Auka sjálfsvirðingu og þar af leiðandi félagsfærni.	Kenna markvisst hvernig við tökum á vissum aðstæðum, æfa þau að tala fyrir framan hvort annað (hægt að tengja við Fjólú). Blær er gott verkfæri.	Allir starfsmenn á deildinni	Allur veturinn	Auka áherslu um vorið t.d. í kringum jafnréttisviku.	Meta hvernig gengur að tala fyrir framan hópinn. Hægt að meta með fjölda aðferðum. Meta á deildarfundum og að hausti og aftur um vorið.	Skrá markmið fyrir hvert barn og bera saman í upphafi og lok skólaárs.
Auka listasmíðju	Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og einnig leyfa börnunum að spreyta sig og nýta sköpunargáfu sína.	Skipulagt listastarf, t.d. í Regnbogalandi (í svæðavali) á vissum dögum.	Allir starfsmenn á deildinni auk Auðar.	ágúst - október 2020	mars-maí 2021	Halda skrá utan um viss verk til að tryggja að allir geri þau. Passa að það séu ekki alltaf sömu börnin (þau sem velja Regnbogaland oftast) sem gera öll listaverkin.	Að ferilmöppur séu með listaverkum í, nóg af verkum fyrir vorsýningu og að við skreytum vegg með listaverkum.





8 Listasmiðja

8.1 Greinagerð verkefnistjóra listasmiðju um starfið á síðasta ári

Haustið 2019 tók til starfa listasmiðja í Geislabaugi. Listasmiðjustýra er Auður Hannesdóttir leikskólakennari. Sumarið þar á undan nýttist vel í undirbúning fyrir komandi vetur. Var listasmiðjan í Dalskóla m.a. heimsótt og var gagnlegt að ræða við annað fagfólk um framkvæmd og skipulag listasmiðju. Listasmiðjan vinnur út frá hugmyndafræði Reggio Emilia og er leiðarljós listasmiðjunnar að einblína á börnin sem virka þátttakendur sem hafa áhrif og fá að tjá sig í gegnum listsköpunina. Minni áhersla er lögð á föndur og útkomuna. Sköpunarferlið og tjáning barnanna skal alltaf vera í fyrirrúmi.

Listasmiðjunni var ekki úthlutað rými í upphafi. Ákveðið var að smiðjan yrði færanleg á milli deilda. Útbúinn var vagn með helstu áhöldum og efnivið sem flakkaði á milli deilda. Annan efnivið var svo hægt að sækja inn á deildir og í efnisveitu leikskólans.

Skipulag listasmiðjunnar var með þeim hætti að hver deild fékk listasmiðju einu sinni í viku. Misjafnt var eftir aldri og þeim verkefnum sem var verið að vinna hverju sinni hversu margir komust í listasmiðju í hvert skipti. Var börnunum yfirleitt skipt niður í litla hópa sem skiptust á að vinna í listasmiðjunni. Gekk þetta fyrirkomulag fram yfir áramót. Eftir áramót var ákveðið að úthluta listasmiðjunni rými við hliðina á yngstu deildinni sem áður hafði að mestu nýst sem geymsla fyrir vagna og annað. Rýmið hentaði einkar vel til listsköpunar þar sem það er góð aðstaða fyrir sull en þrír vaskar eru í rýminu. Einnig er hægt að opna út á pall sem liggur að matjurtargarði leikskólans.

Nýja listasmiðjurýmið var tilbúið í febrúar 2020. Fyrirkomulagið var með svipuðum hætti og áður. Mikill aðstöðumunur er að geta haft allan efnivið til taks og fengið rými til sköpunar óháð öðru starfi leikskólans.

Hver deild fékk listasmiðju einu sinni í viku. Í lok febrúar skall verkfall Eflingar á og þurfti þá verkefnastjóri listasmiðju að sinna öðrum verkum á meðan. Í kjölfar verkfalls skall á heimsfaraldur sem gerði það að verkum að listasmiðjan var sett í biðstöðu af sóttvarnarástæðum. Það var því ekki fyrr en í maí sem listasmiðjan tók almennilega aftur til starfa. Í sumar er starfsemi listasmiðjunnar að miklu leyti utandyra og nýtist þá pallurinn og litli garðurinn einkar vel.

Sama fyrirkomulag er hugsað fyrir næsta vetur en við erum alltaf að breyta og bæta skipulagið eins og starfi í leikskóla fylgir.

Innra mat listasmiðju

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir ?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Listasmiðja	Dýpka vinnu í anda Reggio Emilia	Með því að beita virkri hlustun í barnahópnu m og kynnast betur hugarheim og vangaveltum barnanna.	Haut 2020-	Listasmiðjustýr a	Virk hlustu n	Endurmat	





9 Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í vetur voru fimm börn í húsinu með stuðning, stuðningstímar voru um 33 tímar á dag. Stuðningstímar fengust af ýmsum ástæðum, til dæmis vegna erfðagalla, hreyfihömlunar og einkenna á einhverfurófi. Fjögur barnanna eru á bið eftir að komast að hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna einkenna einhverfu og tvö þeirra einnig vegna einkenna athyglisbrests með ofvirkni. Eitt barn er búið að vera á bið síðan 2018, tvö síðan 2019 og eitt síðan í vor á þessu ári. Börnin eru með tengiliði hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hafa þeir komið inn í leikskólann og veitt sérkennslustjóra og öðru starfsfólki ráðgjöf er varðar börnin og mál þeirra.

EFI-2 var lagt fyrir þau börn sem það átti við. Þau börn sem komu slök út voru sett í hópa og fengu íhlutun í vetur. HLJÓM-2 var lagt fyrir elstu börn leikskólans síðasta haust. Þrjú börn komu út í slakri færni og fengu íhlutun í vetur. HLJÓM-2 var aftur lagt fyrir þau í maí. Ekki var hægt að gera það fyrr vegna verkfalls í byrjun árs og svo samkomubanns vegna kórónuveirufaraldursins. Samkomubannið gerði það að verkum að einstaklingsþjálfun og málörvunarhópar voru lagðir niður á meðan á því stóð.

AEPS var fyllt út fyrir öll stuðningsbörn og einstaklingsnámskrár gerðar út frá niðurstöðum. Eitt barn fékk svo í kjölfarið einstaklingsnámskrá út frá ABLLS-R en sérkennslustjóri tók það inn í vor og er það að reynast mjög vel. Einstaklingsnámskrár voru gerðar í samráði við sjúkraþjálfva, iðjuþjálfva, talmeinafræðinga og foreldra eftir því sem við átti.

Teymisfundir voru haldnir reglulega, eða á um það bil sex vikna fresti. Í samkomubanni voru flestir fundir felldir niður en þeir sem voru haldnir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað. Teymisfundir voru haldnir vegna stuðningsbarna og annarra barna. Á fundina mættu forsjáraðilar barnanna, fulltrúar þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og í sumum tilfellum tengiliðir frá Greiningarstöð, fulltrúar frá Barnavernd

Reykjavíkur, talmeinafræðingar eða sjúkra- og iðjuþjálfar.

Tvö börn voru í sjúkra- og iðjuþjálfun á Æfingastöðinni í vetur og fóru þau oftast í fylgd stuðningsaðila. Tvö börn fóru til talmeinafræðings í talþjálfun einu sinni í viku en foreldrar sáu um að fara með börnunum. Eitt barn var ekki með stuðning en var bæði í talþjálfun hjá talmeinafræðingi og í leikskólanum. Reynt var að innleiða Tákni með tali en hefur það gengið misvel. Í vetur voru notaðar félagsfærnisögur og umbunarkerfi með nokkrum börnum. Tvö börn með stuðning hafa verið í skipulagðri kennslu (TEACCH).

Starfandi sérkennslustjóri mun láta af störfum 14. ágúst en mun halda áfram að starfa í leikskólanum næsta vetur í öðrum verkefnum.

10 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2020 á vegum SFS. Gaman er að segja frá því að við höldum áfram að bæta okkur og skorum vel yfir meðaltal. Meðalskor allra þátta var 4,17 en var 4,16 (2019) og árið þar á undan 3,87. Starfsánægja hækkaði úr 4,41 í 4,53 og hafa stjórnunarhættir einnig hækkað milli ára. Áreitni og einelti mældist aðeins í fyrra en í nýjustu könnun mælist ekkert, sem er afar ánægjulegt. Starfsfólki finnst ennþá of mikið álag í vinnunni og það mælist alltaf þannig. Með styttingu vinnuvikunnar, breytingu á starfsumhverfi, færri börnum í skólanum o.fl. þá vonumst við til að álag verði minna á komandi ári.

Viðhorfskönnun til foreldra var ekki gerð í ár en hún er tekin annað hvert ár.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Mininka álag	Færri börn í húsi.	Höfum fengið fækkun á börnum. Verða ekki fleiri en 24 börn á elstu deildunum.	Leikskólastjóri	Haust 2020	Sumar 2021	Viðhorfskönnun til starfsmanna.	
Mininka álag	Laga starfsumhverfi	Með styttingu vinnuviku.	Stjórnendur	okt 2020		Viðhorfskönnun til starfsmanna	



Meiri starfsánægja	Dreifa ábyrgð	Allt starfsfólk sé með ábyrgð á verkefnum.	Deildarstjórar	sept. 2020	júlí 2021	Viðhorfskönnun starfsmanna	
-----------------------	---------------	--	----------------	---------------	--------------	-------------------------------	--



11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Skipulögð starfsþróunarsamtöl eru a.m.k. einu sinni á ári, í febrúar og mars. Hver starfsmaður fær klukkustund með skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra, þar sem unnið er samkvæmt verklagsreglum útgefnum af starfsmannabjónustu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru samskipti skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við alla starfsmenn opin og hreinskiptin. Rík áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli allra starfsmanna.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem ýmist var haldið hér á skipulagsdögum eða annars staðar. Leikskólastjóri fór í viku námsferð með leikskólastjórum Reykjavíkurborgar til Kanada dagana 21.-25. október 2019 og viku áður 14.-18. október fóru fjórir starfsmenn á núvitundarnámskeið á vegum Erasmus sem haldið var í Flórens á Ítalíu.

Á fyrsta starfsdegi sem var 20. september var kynning frá Greiningastöð ríkisins vegna stuðningsbarns sem var að byrja hjá okkur. Strax á eftir kom Hanna Halldóra með erindi um *aga-hegðunarmótun: Hvað virkar?* og eftir hádegið voru stjórnendur með kynningu um komandi starfsár og áherslur. Þann 28. október kom Ellen Jaqueline Calmon og var með fræðslu um Barnasáttmálann. Eftir hádegi var Eiríkur Oddson með skyndihjálparnámskeið. Þann 15. nóvember var sameiginlegur starfsdagur með hinum leikskólunum í hverfinu. Hittust allir í Guðríðarkirkju og hlustuðu á fyrirlestur Jóns Halldórssonar frá KVAN um samskipti. Eftir hádegi kom Sigrún Grendal til okkar í Geislabaug með námskeið fyrir alla starfsmenn í TMT (tákn með tali) og mikilvægi þess. Þann 7. febrúar var ætlunin að fara á ráðstefnu Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur en því miður fengum við ekki pláss á hana. Því var ákveðið að skoða námsumhverfi barnanna hjá okkur sjálfum og hvernig við gætum lagað og breytt, því það er þriðji kennarinn. Einnig voru haldnir deildafundir. Eftir hádegi skiptum við starfsmannahópnum upp og heimsóttum leikskólana Hof og Austurborg sem var gagnlegt og gaman. Starfsdagurinn 20. mars féll niður en við náðum að halda starfsdag 22. maí sem var nýttur í endurmat á haustmánuðum og undirbúning á sumarstarfi.

12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfissskólar Geislabaug og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi.

Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Raða í bekk og eru svo með sérstakan fund er varða öll sérkennslubörn.



13 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann og eru þrír fulltrúar í ráðinu. Þeir eru kosnir á aðalfundi sem haldinn er í október ár hvert. Foreldraráðið fer yfir ársáætlanir og gefa leikskólanum umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.

Foreldrafundir eru að hausti og oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári í nóvember og apríl. Sú nýbreytni var í ár að boðið var upp á foreldrafundi með fjarfundi og voru nokkrir sem þáðu það.

Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans og jólafondur á hverju ári. Einnig hafa þau stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið hefur verið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.

14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2020-2021 verða sjö í heildina þar sem við eigum einn eftir frá síðasta skólaári: 18. september, 12. október, 18. nóvember, 4. desember, 18. janúar, 23. apríl og 10. maí. Þar af eru sameiginlegir skipulagsdagar með grunnskólum hverfisins, 18. nóvember, 23. apríl og 10. maí.



15 Fylgigögn

15.1 Leikskóladagatal 2020-2021

AGUST		SEPTEMBER		OCTOBER		NOVEMBER		DECEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MÁI		JUNÍ		JULÍ	
1 L	1 D	1 F	1 S	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F	1 D	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M	3 D	3 F	3 M
4 D	4 F	4 S	4 M	4 M	4 F	4 D	4 F	4 M	4 D	4 F	4 M	4 D	4 F	4 M	4 D	4 F	4 M	4 D	4 F	4 M	4 D	4 F	4 M
5 M	5 L	5 M	5 F	5 F	5 L	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 M
6 F	6 S	6 D	6 F	6 F	6 S	6 M	6 L	6 D	6 F	6 M	6 L	6 D	6 F	6 M	6 L	6 D	6 F	6 M	6 L	6 D	6 F	6 M	6 L
7 F	7 M	7 M	7 L	7 L	7 M	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F	7 S	7 F
8 L	8 D	8 F	8 S	8 S	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 F	9 D	9 F	9 M	9 D	9 F	9 M	9 D	9 F	9 M	9 D	9 F	9 M	9 D	9 F	9 M	9 D	9 F	9 M
10 M	10 F	10 L	10 D	10 D	10 F	10 S	10 M	10 D	10 F	10 M	10 L	10 D	10 F	10 M	10 L	10 D	10 F	10 M	10 L	10 D	10 F	10 M	10 L
11 D	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 D	11 F	11 M	11 D	11 F	11 M	11 D	11 F	11 M	11 D	11 F	11 M	11 D	11 F	11 M	11 D	11 F	11 M
12 M	12 L	12 M	12 F	12 F	12 L	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 M
13 F	13 S	13 D	13 F	13 F	13 L	13 S	13 M	13 D	13 F	13 M	13 L	13 D	13 F	13 M	13 L	13 D	13 F	13 M	13 L	13 D	13 F	13 M	13 L
14 F	14 M	14 M	14 L	14 L	14 M	14 S	14 M	14 D	14 F	14 M	14 L	14 D	14 F	14 M	14 L	14 D	14 F	14 M	14 L	14 D	14 F	14 M	14 L
15 L	15 D	15 F	15 S	15 S	15 M	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 M
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 D	16 F	16 M	16 D	16 F	16 M	16 D	16 F	16 M	16 D	16 F	16 M	16 D	16 F	16 M	16 D	16 F	16 M
17 M	17 F	17 L	17 D	17 D	17 F	17 S	17 M	17 D	17 F	17 M	17 L	17 D	17 F	17 M	17 L	17 D	17 F	17 M	17 L	17 D	17 F	17 M	17 L
18 D	18 F	18 S	18 M	18 M	18 F	18 D	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M
19 M	19 L	19 M	19 F	19 F	19 L	19 S	19 M	19 D	19 F	19 M	19 L	19 D	19 F	19 M	19 L	19 D	19 F	19 M	19 L	19 D	19 F	19 M	19 L
20 F	20 S	20 D	20 F	20 F	20 L	20 S	20 M	20 D	20 F	20 M	20 L	20 D	20 F	20 M	20 L	20 D	20 F	20 M	20 L	20 D	20 F	20 M	20 L
21 F	21 M	21 M	21 L	21 L	21 M	21 S	21 M	21 D	21 F	21 M	21 L	21 D	21 F	21 M	21 L	21 D	21 F	21 M	21 L	21 D	21 F	21 M	21 L
22 L	22 D	22 F	22 S	22 S	22 M	22 D	22 F	22 M	22 D	22 F	22 M	22 D	22 F	22 M	22 D	22 F	22 M	22 D	22 F	22 M	22 D	22 F	22 M
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 F	23 D	23 F	23 M	23 D	23 F	23 M	23 D	23 F	23 M	23 D	23 F	23 M	23 D	23 F	23 M	23 D	23 F	23 M
24 M	24 F	24 L	24 D	24 D	24 M	24 S	24 M	24 D	24 F	24 M	24 L	24 D	24 F	24 M	24 L	24 D	24 F	24 M	24 L	24 D	24 F	24 M	24 L
25 D	25 F	25 S	25 M	25 M	25 F	25 D	25 F	25 M	25 D	25 F	25 M	25 D	25 F	25 M	25 L	25 D	25 F	25 M	25 L	25 D	25 F	25 M	25 L
26 M	26 L	26 M	26 F	26 F	26 L	26 S	26 M	26 D	26 F	26 M	26 L	26 D	26 F	26 M	26 L	26 D	26 F	26 M	26 L	26 D	26 F	26 M	26 L
27 F	27 S	27 D	27 F	27 F	27 L	27 S	27 M	27 D	27 F	27 M	27 L	27 D	27 F	27 M	27 L	27 D	27 F	27 M	27 L	27 D	27 F	27 M	27 L
28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 M	28 S	28 M	28 D	28 F	28 M	28 L	28 D	28 F	28 M	28 L	28 D	28 F	28 M	28 L	28 D	28 F	28 M	28 L
29 L	29 D	29 F	29 S	29 S	29 M	29 D	29 F	29 M	29 D	29 F	29 M	29 D	29 F	29 M	29 L	29 D	29 F	29 M	29 L	29 D	29 F	29 M	29 L
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 D	30 F	30 M	30 D	30 F	30 M	30 D	30 F	30 M	30 L	30 D	30 F	30 M	30 L	30 D	30 F	30 M	30 L
31 M	31 L	31 F	31 S	31 M	31 D	31 F	31 M	31 D	31 F	31 M	31 L	31 D	31 F	31 M	31 L	31 D	31 F	31 M	31 L	31 D	31 F	31 M	31 L



15.2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2020 – 2021
Leikskólinn Geislabaugur

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elín Sigríður Sævarsdóttir

Garðar Kristinsson

Kristín Eva Harðardóttir



Umsögn foreldraráðs:

Fráfarandi vetur hefur, eins og engum hefur dulist, verið með eindæmum sérstakur.

Vel hefur tekist að halda utan um börn og starfsfólk, einnig komst leikskólinn nokkuð vel í gegnum verkfall Eflingar sem hafði þó mikil áhrif á starfið, börnin, starfsfólk og foreldra. Vonum að sú staða komi ekki upp aftur.

Ánægjulegt er að sjá að almenn starfsánægja er að aukast og að búið er að uppræta einelti.

Engu að síður finna starfsmenn fyrir miklu vinnuálagi og þá ekki minna eftir þennan vetur.

Vel þarf að huga að því bæði vegna starfsmanna og ekki síður barnanna. Það er jákvætt að samþykktur hafi verið hámarksfjöldi barna á elstu deildum en umhugsunarefni hvort sá fjöldi, 24 börn, sé samt enn of hár.

Aukin áhersla á sjálfstæði barna og sjálfsvitund er mjög jákvæð auk eflingar félagsfærni þeirra.

Verkefnið Blær á vegum Barnaheilla styður vel við þá stefnu og eru börnin einstaklega ánægð með sinn Blæ, auk þeirrar kennslu sem börnin fá um barnasáttmálann.

Meiri svæðavinna virðist gefast vel og virðast bæði börn og starfsmenn njóta þeirrar vinnu, því er jákvætt að auka þá vinnu ásamt því að aukin útivera fléttast þar inn í sem er mjög ánægjulegt.

Verkefnið *Orð eru til alls fyrst* er mjög áhugavert og gaman verður að sjá hvernig sú vinna gengur og hvernig hún skila sér til barnanna.

Mikil ánægja er með tíma hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur og ánægjulegt að sú vinna haldi áfram. Börnin höfðu mjög gaman af þeim tímum og listaverkin stórkostleg.

Það er mjög jákvætt að hafa listasmiðju sem gerir listsköpun hærra undir höfði en vonandi minnkar sköpunarvinna ekki inni á deildunum sjálfum.

Mikil ánægja er með skráningar og eru þær ómetanlegur fjársjóður fyrir börn og foreldra.

Mikið hefur verið um námskeið og auka menntun starfsmanna undanfarið og er það af hinu góða. Það er gott að lögð sé áhersla á að efla fagmennsku kennara hvað varðar félagsfærni og sjálfsefningu sérstaklega á þessum tímum þar sem aðgengi barna að snjalltækjum og tölvuleikjum er mikið og stundum á kostnað félagsþáttarins.

Búið er að bæta skólalóðina mikið, lagfæra og aðlaga að þeim hópum sem nota hvert svæði fyrir sig. Alltaf er hægt að bæta og laga og vonum við að Reykjavíkurborg passi upp á að halda lóðinni vel við.

Börnin fara enn í matstofuna í hádegismat og fá þar að spreyta sig sjálf í að skammta sér og velja sér sæti. Væri reynandi að fá að sjá hversu mikið börnin borðuðu (ekkert, lítið, vel)?

Einnig að fá matseðil á facebook-síðu/rafrænt?

Í vor voru elstu börnin færð saman í hóp af tveimur deildum, það hefur gefist vel og hlítur að létta á andrúmslofti á hinum deildunum þar sem elstu börnin eru að fara mikið í ferðir og gera aðra hluti en þau



yngrri. Auk þess eru þá deildirnar í meira jafnvægi þar sem það eru ekki börn að tínast út úr hópnum fram eftir sumri.

Aðlögun getur því hafist fyrr og starfið komist fyrr í fast form.

Það mætti vera meiri samvinna við frístundaheimilin þar sem börnin fá að kynnast þeim betur.

Einnig að koma því þannig fyrir að þau börn sem eru að byrja í skóla fái að fara í frístund ca. viku áður en skóli byrjar.

Það er augljóslega mikill metnaður fyrir faglegu og fjölbreyttu starfi á Geislabaugi. Jákvæðni og lausnamiðun situr eftir veturinn og allir tilbúnir að gera enn betur :)



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



